## 246. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 193 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar].

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. c. 2. málsgr. orðist svo:
   Kjörblað skal vera svipað þessu.
2. Við 2. f. Á eftir greininni komi ný málsgr.:
   Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.
3. Við 4. b. Brtt. orðist svo:
   Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Þó getur hann falið kjörstjóra að sjá um sendingu þess, og er þá kjörstjóra skylt að koma brjefinu á póst, ef kjósandi óskar þess, eða að öðrum kosti sjá um, að það komist beint í hendur rjetts viðtakanda.
4. Á eftir 7. brtt. komi:
   11. gr. orðist svo:
   Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum

þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

5. 9. brtt. fellur niður.